

# Nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit

## Álit um matsáætlun

### 1 Inngangur

Þann 14. mars 2022 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Elkem og Norðuráls vegna nýrra flæðigryfja á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 11.02 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun.

### 2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Matsáætlun. Norðurál, Elkem og Mannvit, mars 2022.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá Hvalfjarðarsveit 13. apríl 2022, Hafrannsóknastofnun 27. apríl 2022, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands 19. apríl 2022, Minjastofnun Íslands 19. apríl 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 19. apríl 2022, Umhverfisstofnun 12. maí 2022 og Vegagerðinni 20. maí 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 3. júní 2022.

### 3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform um nýjar flæðigryfjur fyrir Elkem og Norðurál á Grundartanga. Samkvæmt starfsleyfum fyrirtækjanna er þeim heimilt að losa efni og afurðir sem ekki fari í sölu, endurvinnslu eða endurnýtingu, í flæðigryfjur. Tvö svæði þykja best fallin undir flæðigryfjur, annað vestan við núverandi flæðigryfjur (svæði 1 á mynd 1) og hitt sunnan við álver Norðuráls (svæði 2 á mynd 1).



Mynd 1. Staðsetning fyrirhugaðra flæðigryfja (úr matsáætlun).



Magnið sem fer í flæðigryfjur ár hvert sé mismikið eða á bilinu 3.000 - 5.000 tonn frá Elkem og 10.000 - 14.000 tonn frá Norðuráli. Samtals 13.000 - 19.000 tonn sem fer í flæðigryfjur ár hvert.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Elkem og Norðuráls.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatssskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

## Valkostir

Í tillögu Elkem og Norðuráls kemur fram að í síðustu fyrirspurn um matsskyldu vegna losunar á framleiðsluúrgangi í flæðigryfjur, dags. 19. desember 2019, greindu Elkem og Norðurál frá framtíðarsýn fyrirtækjanna á losun framleiðsluúrgangs. Meginniðurstaða þeirrar samantektar er að vinna þarf áfram að þróun þeirra aðferða og lausna sem þar koma fram. Nánar verði greint frá þeim aðferðum sem um ræðir í umhverfismatssskýrslu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að nokkrir kostir séu mögulegir til að koma á endurvinnslu. Bendir stofnunin á gögn um það efni þar sem fram komi að Ísland sé eina landið sem enn noti flæðigryfjur til að meðhöndla kerbrot. Aðferðir hafi verið þróaðar til að meðhöndla kerbrot og í fyrirbyggjandi skýrslum séu tilgreindar aðferðir til þess. Umhverfisstofnun bendir á að notkun flæðigryfja sé skilgreind sem urðun og að það sé æskilegt að draga úr henni. Telur stofnunin það vera mjög viðeigandi að farið yrði yfir þá kosti sem helst séu til athugunar hjá fyrirtækjunum varðandi endurvinnslu kerbrota og annan úrgang.

Skipulagsstofnun telur að það geti ekki talist æskileg framtíðarsýn Elkem og Norðuráls að ráðast ítrekað í gerð flæðigryfja í nýjum landfyllingum til að losa sig við úrgang frá starfsemi. Skipulagsstofnun er kunnugt um að fyrirtæki sé með það til skoðunar að hefja endurvinnslu kerbrota á Íslandi frá þeim álverum sem starfa í landinu. Stofnunin telur, ekki síst með hliðsjón af umsögn Umhverfisstofnunar, brýnt að endurvinnsla kerbrota verði skoðuð sem kostur í umhverfismatssskýrslu.

## Framkvæmd

Í kafla 3.1 í matsáætlun kemur fram að þar sem rými sé á þrotum í þeim flæðigryfjum sem Elkem og Norðurál hafi til umráða þurfi að finna ný svæði undir flæðigryfjur. Sem fyrr fari hagsmunir iðnfyrirtækjanna saman með Faxaflóahöfnum, sem hyggist áfram þróa og stækka hafnar svæðið á Grundartanga, en með því að fylla í áformaðar flæðigryfjur minnki það burðarhæfa fyllingarefni sem Faxaflóahafnir þurfi annars að afla til fyllinga í baksvæði hafnarbakka.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að gera grein fyrir því hvaða efni verða urðuð í flæðigryfjum og hversu lengi þeim er ætlað að endast til að taka á móti úrgangi frá Elkem og Norðuráli. Greina þarf sérstaklega frá því ef ráðgert er að urða eitthvað annað en úrgang frá verksmiðjunum tveimur.

## Vistgerðir og fuglar

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að ekki sé fjallað um rask á búsvæðum fugla vegna framkvæmdanna. Bent er á að flæðigryfja á svæði 2, austan við núverandi flæðigryfjur, sé staðsett innan marka mikilvægs fuglasvæðis sem ná yfir stóran hluta af Hvalfirði. Í fjörunum í norðanverðum Hvalfirði finnst fjöruvistgerðir með hátt verndargildi t.d. bóluþangsklungur sem eru mikilvæg fæðuöflunarsvæði vaðfugla. Þrátt fyrir mikla nálægð við iðnaðarsvæðið finnst þarna lítt raskaðar fjöruvistgerðir. Í umhverfismatinu þurfi að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á þessar vistgerðir og á fuglalíf svæðisins. Gera ætti könnun á hversu mikið fuglar nýta svæðið við fæðuöflun.



Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun og telur nauðsynlegt að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á vistgerðir og fuglalíf á svæðinu. Gera þarf grein fyrir þeim tegundum sem nýta svæðið, hvernig þeir nýta svæðið, þéttleika fugla og áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fugla.

#### 4 Niðurstaða

Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða matsáætlun Elkem og Norðuráls ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatskýrslu þarf að:

1. **Valkostir.** Nýta umhverfismatið til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Gera þarf sérstaklega grein fyrir valkosti eða -kostum sem felast í endurvinnslu kerbrota.
2. **Urðun í flæðigryfjum.** Gera í umhverfismatskýrslu grein fyrir hvaða efni verði urðuð þar og hversu lengi gryfjunum er ætlað að endast til að taka við efni til urðunar.
3. **Vistgerðir og fuglalíf.** Í umhverfismatskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim vistgerðum og því fuglalífi sem er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Meta þarf verndargildi þeirra vistgerða sem eru á svæðinu. Meta þarf hvernig fuglar nýti svæðið, hvaða tegundir og þéttleika þeirra og gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á fugla og vistgerðir.

Reykjavík, 8. júlí 2022

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson